

Félag lífeindafræðinga  
Kristín Hafsteinsdóttir  
Borgartúni 6  
105 Reykjavík



## HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Vegmúla 3 150 Reykjavík  
sími: 545 8700 bréfasími: 551 9165  
postur@hbr.stjr.is  
heilbrigdisraduneyti.is

Reykjavík 25. mars 2008  
Tilv.: HBR08020051/08.01

Efni: Einkarekstur lífeindafræðinga á lífeindafræðilegum rannsóknarstofum.

Ráðuneytið hefur mótttekið bréf félags lífeindafræðinga, dags. 12. mars sl., þar sem félagið óskar eftir að skilyrði rekstrarleyfis veittu lífeindafræðingi/lífeindafræðingum til reksturs á lífeindafræðilegum rannsóknarstofum verði felld niður, að lífeindafræðileg rannsóknþjónusta við almenning verði gerð valfrjáls og að réttur sjúklinga með beiðni frá læknum verði virtur þannig að þeir njóti sömu niðurgreiðslu á þjónustunni á einkareknum rannsóknarstofum og á göngudeildum sjúkrahúsa.

Með lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu sem tóku gildi 1. september 2007 féllu úr gildi ákvæði eldri laga um útgáfu rekstrarleyfa. Í stað þess er nú mælt fyrir um tilkynningarskyldu nýrra rekstraraðila heilbrigðisþjónustu til landlæknis og staðfestingu hans á því að fyrirhugaður rekstur uppfylli faglegar lágmarkskröfur.

Um kostnaðarpáttöku ríkisins í veittri heilbrigðisþjónustu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna er því aðeins að ræða að um þjónustuna hafi verið samið sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og 44. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar.

Fyrir hönd ráðherra

Steinunn Margrét Lárusdóttir